

## Frumvarp til laga

um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er nefnist Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, til hins nýja félags.

2. gr.

Utanríkisráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins og fer með hlut íslenska ríkisins í því.

3. gr.

Unnið skal að því að nafnverð stofnhlutafjár félagsins nemi allt að 80% af bókfærðu eigin fé Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 30. júní 2000 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 20% af eigin fé færist í varasjóð. Endanleg upphæð hlutafjár skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við niðurstöðu matsnefndar, sbr. 4. gr.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna, þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi, til að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og leggja mat á hvert hlutafé hlutafélagsins skuli vera. Nefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og skulu stjórnendur og starfsmenn hennar veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí 2000.

5. gr.

Hlutafé félagsins eins og það er ákveðið skv. 3. og 4. gr. telst að fullu innborgað með yfirtöku félagsins á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og öllu því er henni fylgir skv. 1. gr.

6. gr.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil án samþykkis Alþingis.

## 7. gr.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og hvers konar aðra starfsemi sem þessu tengist.

## 8. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

## 9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu né heldur skulu ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga gilda um félagið. Að öðru leyti og ef annað leiðir ekki af lögum þessum taka ákvæði hlutafélagalaga til félagsins.

## 10. gr.

Félagið greiðir opinber gjöld á sama hátt og önnur hlutafélög hér á landi.

## 11. gr.

Við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sbr. 13. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, eftir því sem við á.

## 12. gr.

Stofnfund félagsins skal halda fyrir lok ágúst 2000. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið. Á stofnfundi skal kjósa félaginu stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

## 13. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. skal hinn 1. október 2000 yfirtaka stofnunina Flugstöð Leifs Eiríkssonar með öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum sem henni fylgja. Stofnunin skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð ráðgefandi stjórnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

## 14. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. ber í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem íslenska ríkið undirgengst og varða flugstöðina og starfsemi þá sem félagið yfirtekur. Er félaginu skylt að fara að fyrir mælum stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrir mælum er varða flugstöðina og starfsemi hennar. Utanríkisráðherra er heimilt að útfæra nánar ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

## 15. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til nýjunga sem geta haft áhrif á söluverð þjónustu félagsins.

Þjónustugjaldskrá öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af utanríkisráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

## 16. gr.

Allur kostnaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar greiðist af félaginu.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var gert ráð fyrir því að hún gegndi tvíþættu hlutverki. Annars vegar skyldi hún notuð í þágu almenns flugrekstrar af hálfu ríkisstjórnar Íslands og hins vegar af heryfirvöldum Bandaríkjanna á ófriðartímum eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamninginn og tengda samninga. Á grundvelli samkomulags á milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna um framangreint greiddi Bandaríkjastjórn 20 milljónir dollara af byggingarkostnaði flugstöðvarinnar. Flugstöðin er eigi að síður óskipt eign íslenska ríkisins. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að rekstrarformi flugstöðvarinnar verði breytt og rekstur hennar og frekari uppbygging færð til hlutafélags sem verði að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins.

Frá því að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun árið 1987 og allt þar til í október 1998 heyrði hún undir embætti flugvallarstjórnans á Keflavíkurflugvelli. Starfsemi hennar var þó greind frá annari starfsemi þess embættis að ákveðnu marki og hún hefur til að mynda lengi verið sjálfstæður fjárlagaliður. Frá því í október 1998 hefur verið litið á hana sem sérstaka ríkisstofnun í B-hluta ríkisreiknings. Um stofnunina gilda þó ekki sjálfstæð lög. Stjórnsýslulega heyrir hún undir utanríkisráðuneytið sem skipað hefur henni þriggja manna ráðgefandi stjórn.

Árið 1997 var verulegt átak gert í því að styrkja fjárhag stöðvarinnar. Fólst það aðallega í því að fá einkaaðila til umsvifameiri verslunar- og veitingarekstrar en áður hafði tíðkast þar. Í þessu skyni voru þjónusturými boðin út til leigu og leigugjaldið veltutengt samkvæmt útbodsskilmálum. Þetta skilaði þeim árangri að störfum fjölgaði í flugstöðinni og henni reyndist í fyrsta skipti unnt að standa í skilum með vexti og afborganir af þeim lánum sem enn eru í skuld vegna byggingarkostnaðar hennar.

Framangreindur áfangi var vart að baki þegar ákvörðun var tekin um stækkun flugstöðvarinnar og fyrirséð að þær ráðstafanir sem gripið var til árið 1997 mundu á engan hátt standa undir þeim viðbótarfjárfestingum sem stækkun munu fylgja. Frekari uppbygging stöðvarinnar er hins vegar nauðsynjamál sem ekki er lengur unnt að skjóta á frest og horfast verður í augu við að stækkunin kallar á aukin fjárútlát og aukningu skulda sem eru þó miklar fyrir.

Stefnt er að því að tekjur flugstöðvarinnar standi undir fjárfestingum hennar og rekstri. Stofnun hlutafélags um reksturinn, sem í eðli sínu er á sviði einkarekstrar og viðskipta fremur en opinberrar stjórnsýslu, er ætlað að stuðla að því að markmiði þessu verði náð. Hlutafélag á þess kost í ríkari mæli en ríkisstofnun að laga sig að breyttum aðstæðum enda býður

rekstrarformið upp á meiri sveigjanleika en við verður komið í hefðbundnum stofnanarekstri. Þar sem ekki gilda sjálfstæð lög um flugstöðina er henni með frumvarpi þessu mörkuð skýr staða bæði í stjórnunarlegu og rekstrarlegu tilliti.

Umsjón með 1. áfanga stækkunar flugstöðvarinnar, sem þegar er unnið að, er í höndum sérstakrar byggingarnefndar sem starfar á vegum utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að byggingarnefndin starfi uns viðbyggingin verður tekin í notkun, en þá taki hlutafélagið við henni. Augljós þörf er á því að byggingarnefndin hafi náð samstarf við stjórn hins nýja hlutafélags um allar ákvarðanir enda er það hlutafélagið sem verður ábyrgt fyrir greiðslu byggingarkostnaðar og öflun fjár til greiðslu hans af rekstri sínum. Er kostnaður þessi áætlaður 3,6 milljarðar króna. Í erindisbréfum byggingarnefndarmanna er fyrir þá lagt að gefa sérstakan gaum að því að í viðbyggingunni verði sköpuð aðstaða fyrir tekjugefandi rekstur en það verður hlutverk nýja hlutafélagsins að bjóða þá aðstöðu út, eða ákvarða fyrirkomulag þessa reksturs að öðru leyti.

Til að styrkja enn frekar fjárhagslegan grundvöll þeirrar uppbyggingar á aðstöðu til farþegaflugs sem nú fer fram á Keflavíkurflugvelli hefur utanríkisráðherra tekið þá ákvörðun að fella rekstur Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli undir starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hlutafélagið mun yfirtaka starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og hún verður eftir þá breytingu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til allar eignir flugstöðvarinnar, hverju nafni sem nefnast, auk réttinda, skulda og skuldbindinga hennar.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsins enda lýtur Flugstöð Leifs Eiríkssonar yfirstjórn hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Í samræmi við þetta er jafnframt mælt fyrir um að utanríkisráðherra fari með hlut íslenska ríkisins í félaginu.

Um 3. gr.

Rétt þykir að setja í lög tiltekna viðmiðun um nafnverð stofnfjár hins nýja félags. Sú viðmiðun sem hér um ræðir verður þó að vera háð nánara mati matsnefndar og getur því hækkað eða lækkað þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, sbr. 4. gr. Gert er ráð fyrir að 20% af eignum fé verði óráðstafað í bókum félagsins í upphafi.

Um 4. gr.

Óháð nefnd sem ráðherra skipar skal meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar flugstöðvarinnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags, sbr. 3. gr. Niðurstaða nefndarinnar verður að liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí 2000 eigi að takast að stofna félagið 1. september 2000. Stjórnendum og starfsmönnum flugstöðvarinnar er skylt að veita nefndinni þá aðstoð sem hún óskar í þessu skyni og skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum flugstöðvarinnar í starfi sínu. Gert er

ráð fyrir því að nefndin verði skipuð þegar við gildistöku laganna og að hún hefji störf þá þegar.

Um 5. gr.

Innborgað hlutafé skal nema þeirri upphæð sem matsnefnd leggur til skv. 4. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins. Með yfirtöku hlutafélagsins á flugstöðinni og því sem henni fylgir telst hlutaféð að fullu greitt.

Um 6. gr.

Öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess. Í ljósi stöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hins nýja hlutafélags er eðlilegt að Alþingi fjalli um hugsanlega sölu hlutabréfa í fyrirtækinu eða annars konar ráðstöfun þeirra. Engin slík áform eru uppi.

Um 7. gr.

Í grein þessari er tilgangi með rekstri félagsins lýst. Félagið yfirtekur alla starfsemi flugstöðvarinnar eins og hún er rekin eftir að rekstur Friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið felldur undir starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Um rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli vísast til 79. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Félagið hefur jafnframt heimildir til að stunda hvers konar aðra starfsemi sem rekstri flugstöðvarinnar tengist eða tengjast kann. Til að tryggja sveigjanleika gagnvart breytingum sem framtíðarþarfir kunna að kalla á er útilokað að binda tilgangslýsingu félagsins til allrar framtíðar og verður því tekið fram í stofnsamningi að breyta megi henni með breytingum á samþykktum félagsins á hluthafafundi. Þetta er tekið fram til að taka af öll tvímæli, en er í samræmi við þá reglu hlutafélagalaga að samþykktir félags taka við af stofnsamningi þess sem grunnheimild um starfsemi félagsins.

Um 8. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er og verður á Keflavíkurflugvelli um næstu framtíð. Eðlilegt þykir því að fram komi í lagatextanum að lögheimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli. Ástæða er þó til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú, t.d. vegna skrifstofu- eða þjónustustarfa annars staðar.

Um 9. gr.

Hlutafélagalög geyma áskilnað um að ekki færri en tveir aðilar standi jafnan að þeim. Um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. gildir það frávik að íslenska ríkið stendur eitt að stofnun félagsins og er því nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Lúta ákvæði 9. gr. annars vegar að því að tryggja heimildir til þeirrar skipunar. Hins vegar skal það ekki hamla skráningu félagsins í hlutafélagaskrá að hlutafé félagsins er ekki greitt með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga heldur eins og kveðið er á um í 1., 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins. Um stofnun hlutafélagsins og rekstur þess skal að öðru leyti farið að ákvæðum hlutafélagalaga.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið verði skattskyldt eftir almennum reglum.

## Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fari um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í því felst m.a. að engum starfsmanni verður sagt upp vegna yfirtöku hlutafélagsins á starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þeir starfsmenn, sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þótt þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu. Rétt er þó að taka fram að hvers konar launatekjur á biðlaunátíma koma til frádráttar biðlaunagreiðslum.

## Um 12. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við lok ágúst árið 2000 í þeim efnum. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

## Um 13. gr.

Samkvæmt frumvarpinu yfirtekur hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hinn 1. október 2000. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar stofnunarinnar sem verður þá lögð niður, þ.m.t. eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Frihafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli. Tekið er fram að umboð núverandi ráðgefandi stjórnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar skuli falla niður frá og með sama degi.

Helsta eign félagsins er flugstöðvarbyggingin sjálf og önnur mannvirki og búnaður sem henni tilheyrir, ásamt lóðarréttindum.

Meginþáttur reksturs flugstöðvarinnar nú er útleiga á verslunar- og þjónusturýmum. Er stofnunin bundin leigusamningum við rekstraraðila og yfirtekur hlutafélagið réttindi og skyldur stofnunarinnar samkvæmt þeim.

Afbyggingarkostnaði flugstöðvarinnar frá árinu 1987 skuldar hún um 4,4 milljarða króna. Þessa skuld yfirtekur hlutafélagið og er því ætlað að standa skil á greiðslu hennar. Er út frá því gengið að félagið leiti endurfjármögnunar og þeirra lánskjara sem það best getur fengið.

## Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að hið nýja hlutafélag skuli bundið af þeim skuldbindingum á starfssviði þess sem íslenska ríkið undirgengst. Það eru einkum tvenns konar skuldbindingar sem hér eru hafðar í huga: Annars vegar alþjóðlegar skuldbindingar sem lúta að flugmálum í víðtækustu merkingu en flugstöðin er hluti af samgöngukerfi landsins og landamæra-stöð. Sem dæmi má nefna skuldbindingar á sviði flugafgreiðslu, flug- og farþegaöryggis, svo og landamæraeftirlits í víðtækum skilningi.

Hins vegar er hér um að ræða skuldbindingar sem lúta að varnarliðinu. Svo sem áður greinir var flugstöðin byggð á grundvelli sérstaks samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu hennar. Samkvæmt ákvæðum þess samkomulags skal flugstöðin vera heryfirvöldum Bandaríkjanna til afnota á ófriðartímum eða í neyðartilfellum. Þeim skuldbindingum er á engan hátt raskað með stofnun hlutafélagsins enda skal það teljast bundið af þeim.

Félaginu er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrirmælum er varða flugstöðina og starfsemi hennar og sett eru vegna sérstöðu hennar. Utanríkisráðherra er heimilt að útfæra nánar ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

## Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að setja sérstaka þjónustugjaldskrá fyrir félagið. Við gerð hennar skal gætt almennra arðsemissjónarmiða auk þess sem tillit skal tekið til nýjunga. Á hinn bóginn er lagt til að gjaldskrá sé háð staðfestingu utanríkisráðherra.

## Um 16. gr.

Eðlilegt er að hlutafélagið beri allan kostnað af stofnun félagsins, svo sem kostnað matsnefndar og kostnað vegna skjalagerðar og skráningar.

## Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir því að löggin öðlist þegar gildi svo að undirbúningur stofnunar hlutafélagsins geti hafist sem fyrst.

## Fylgiskjal I.

**Samruni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnar.  
Rekstrar- og fjárhagsáætlun árin 2001–2005.**

**Deloitte &  
Touche**



Reykjavík, 28. febrúar 2000.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar  
Keflavíkurlflugvelli

B.t. Stjórnar Flugstöðvar.

**Deloitte & Touche hf.**  
Stórhöfða 23 112 Reykjavík  
Netfang dtt@deloitte.is  
Heimasíða www.deloitte.is

Kennitala 521098-2449  
Sími 580 3000  
Fax 580 3001

**Efni: Samruni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnar ásamt rekstrar-og fjárhagsáætlun tímabilið 2001 til 2005.**

Við höfum að ósk yðar samið rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfnina fyrir rekstrarárin 2001 – 2005. Við höfum stuðst við ársreikninga þeirra auk innri og ytri upplýsinga og þær forsendur sem fyrir liggja í tengslum við byggingu Suðurbúss Flugstöðvar. Jafnframt höfum við áætlað rekstur og efnahag árunna 1999 og 2000 til þess að tengja áætlunina við síðustu ársreikninga ársins 1998. Meðal forsenda við áætlunagerðina var að sameina Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfn og breyta þeim í hlutafélag miðað við árslok 2000. Meðfylgjandi eru rekstrar- efnahags og sjóðstreymisýfirlit fyrir áætlunartímabilið ásamt skýringum.

Helstu niðurstöður okkar eru að samruninn sé vænlegur kostur fyrir framtíð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem nú lýkur uppgreiðslu eldri byggingarskulda og leggur umtalsverðar upphæðir í áfámhaldandi uppbyggingu á Keflavíkurlflugvelli, eða 2,3 milljarða króna umfram ráðgerðra 3,6 milljarða króna á árinu 2001. Félagið byrjar með 20% eiginfjárlutfall, en í lok tímabilsins er þetta hlutfall orðið 37%.

Veltufjárlutfall er ásættanlegt frá upphafi til loka tímabilsins að undanskyldu árinu 2003, en þá gæti komið til þess að taka þyrfti skammtímalán til þess að brúa bilið. Arðsemi eigin fjár er í lok tímabilsins 13,3% .

Gert er ráð fyrir að félagið greiði 1.355,5 milljónir króna í skatta og arðgreiðslur til eiganda síns, sem svarar til árlegrí meðaltalsgreiðslu að upphæð 271,1 milljón króna.

Gætt er varúðar við áætlun húsaleigutekna eins og fram kemur í skýringu nr. 3 með áætluninni.

Um nánari skýringar og sundurliðanir vísast til áætlaðra ársreikninga og skýringa með þeim.

Vinsamlegast,

**Deloitte & Touche hf.**

*Ingi R. Jóhannsson*  
Ingi R. Jóhannsson



## Yfirlitsblað

## ÁÆTLADIR ÁRSREIKNINGAR

## REKSTRARREIKNINGUR

	Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
Rekstrartekjur .....	4.115.496	4.346.295	4.599.163	4.781.403	4.970.988
Rekstrargjöld .....	(2.907.351)	(3.124.472)	(3.263.845)	(3.444.809)	(3.571.348)
Hagnaður fyrir vexti .....	1.208.145	1.221.824	1.335.318	1.336.594	1.399.640
Afskriftir .....	(243.973)	(315.444)	(335.837)	(372.622)	(401.842)
Fjármagnskostnaður .....	(395.005)	(281.519)	(270.190)	(338.514)	(260.350)
Tekju- og eignarskattur.....	(170.750)	(187.458)	(227.451)	(199.247)	(238.081)
Hagnaður .....	<u>398.417</u>	<u>437.402</u>	<u>501.840</u>	<u>426.211</u>	<u>499.366</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR

	2001	2002	2003	2004	2005
Fastafjármunir .....	8.461.314	9.664.539	9.979.499	10.522.861	11.073.230
Veltufjármunir .....	<u>1.783.373</u>	<u>1.191.948</u>	<u>1.413.165</u>	<u>1.116.637</u>	<u>1.015.228</u>
	<u>10.244.687</u>	<u>10.856.487</u>	<u>11.392.663</u>	<u>11.639.498</u>	<u>12.088.458</u>
Eigið fé .....	2.012.897	2.626.820	3.217.267	3.760.811	4.412.754
Langtímaskuldir .....	7.397.770	7.295.522	4.458.115	6.854.592	6.627.872
Skammtímaskuldir .....	<u>834.020</u>	<u>934.144</u>	<u>3.717.281</u>	<u>1.024.096</u>	<u>1.047.833</u>
	<u>10.244.687</u>	<u>10.856.486</u>	<u>11.392.663</u>	<u>11.639.498</u>	<u>12.088.458</u>

## SJÓÐSTREYMI

	2001	2002	2003	2004	2005
Handbært fé frá rekstri .....	926.232	656.883	679.790	547.733	706.355
Fjárfestingahreyfingar .....	(3.600.000)	(1.075.000)	(275.000)	(475.000)	(475.000)
Fjármögnunarahreyfingar .....	2.851.484	(152.566)	(164.792)	(298.521)	(263.000)
Arðgreiðslur.....	<u>(47.500)</u>	<u>(47.500)</u>	<u>(47.500)</u>	<u>(95.000)</u>	<u>(95.000)</u>
Breyting á handbæru fé .....	130.216	(618.183)	192.498	(320.788)	(126.644)
Handbært fé í upphafi .....	<u>1.086.714</u>	<u>1.216.931</u>	<u>598.748</u>	<u>791.246</u>	<u>470.457</u>
Handbært fé í lok árs .....	<u>1.216.930</u>	<u>598.748</u>	<u>791.246</u>	<u>470.457</u>	<u>343.813</u>

### Áætlaðir rekstrarreikningar

	Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
<b>Tekjur</b>					
Leigutekjur Flugstöðvar .....	643.565	711.676	810.149	843.221	877.646
Hlutdeild í farþegaskatti .....	74.000	86.490	86.989	87.509	88.049
Hlutdeild í lendingargjöldum .....	121.912	127.657	133.667	139.953	146.528
Endurgr. Sameigin. kostnaður .....	45.565	60.801	74.300	76.901	79.592
	885.043	986.624	1.105.105	1.147.583	1.191.815
Vörusala í Friðhöfn .....	3.218.929	3.347.686	3.481.593	3.620.857	3.765.691
Aðrar tekjur .....	11.524	11.985	12.465	12.963	13.482
	3.230.453	3.359.671	3.494.058	3.633.820	3.779.173
Samtals tekjur..... 3	4.115.496	4.346.295	4.599.163	4.781.403	4.970.988
<b>Gjöld</b>					
<b>Verslunarrekstur:</b>					
Vörunotkun .....	2.110.773	2.152.853	2.238.967	2.328.525	2.421.667
Laun og launatengd gjöld .....	296.784	316.075	316.075	316.075	316.075
Húsnæðiskostnaður .....	14.185	14.681	15.195	15.727	16.278
Annar rekstrarkostnaður .....	67.246	69.600	72.036	74.557	77.166
4	2.488.988	2.553.209	2.642.273	2.734.884	2.831.185
<b>Flugstöðvarrekstur:</b>					
Viðhald húss og tækja .....	195.384	262.467	303.010	381.254	400.317
Fasteignskattar .....	72.306	133.126	137.786	142.608	148.313
Annar rekstur Flugstöðvar .....	16.076	16.639	17.221	17.824	18.448
4	283.766	412.233	458.018	541.687	567.078
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:</b>					
Laun og launatengd gjöld .....	23.977	29.753	29.753	29.753	29.753
Annar stjórnunarkostnaður .....	11.170	11.561	11.965	12.384	12.817
Sameiginlegur kostnaður .....	99.450	117.716	121.836	126.101	130.514
4	134.597	159.030	163.555	168.238	173.085
Samtals gjöld.....	2.907.351	3.124.472	3.263.845	3.444.809	3.571.348
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti .....	1.208.145	1.221.824	1.335.318	1.336.594	1.399.640
Afskriftir..... 5	243.973	315.444	335.837	372.622	401.842
Hagnaður fyrir vexti .....	964.172	906.379	999.481	963.972	997.798
<b>Fjármagnskostnaður:</b>					
Vaxtatekjur og verðbætur .....	-80.628	-63.549	-48.650	-44.160	-28.499
Vaxtagjöld .....	592.005	564.716	558.529	611.325	518.485
Verðbreytingaáætlun .....	-116.373	-219.648	-239.689	-228.652	-229.635
2					
Samtals fjármagnskostnaður .....	395.005	281.519	270.190	338.514	260.350
11					
Hagnaður fyrir skatta .....	569.168	624.861	729.291	625.458	737.447
Tekjuskattur .....	-170.750	-187.458	-218.787	-187.637	-221.234
Eignaskattur .....	0	0	-8.664	-11.610	-16.847
	-170.750	-187.458	-227.451	-199.247	-238.081
Hagnaður.....	398.417	437.402	501.840	426.211	499.366

## Áætlaðir efnahagsreikningar

Eignir:	Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
<b>Fastafjármunir:</b>					
Flugstöðvarbygging .....	7.454.607	8.669.642	8.996.197	9.561.174	10.144.500
Stjórnkerfi og heimtaug .....	462.308	413.222	369.839	322.912	272.248
Innréttingar og búnaður .....	544.400	581.675	613.463	638.775	656.482
5, 6	<u>8.461.314</u>	<u>9.664.539</u>	<u>9.979.499</u>	<u>10.522.861</u>	<u>11.073.230</u>
<b>Veltufjármunir:</b>					
Ríkisfyrirtæki .....	12.400	12.400	12.400	12.400	12.400
Vörubirgðir .....	268.244	278.974	290.133	301.738	313.808
Viðskiptakröfur .....	285.798	301.826	319.386	332.042	345.207
Handbært fé.....	1.216.931	598.748	791.246	470.457	343.813
	<u>1.783.373</u>	<u>1.191.948</u>	<u>1.413.165</u>	<u>1.116.637</u>	<u>1.015.228</u>
<b>Eignir samtals.....</b>	<u>10.244.687</u>	<u>10.856.487</u>	<u>11.392.663</u>	<u>11.639.498</u>	<u>12.088.458</u>
<b>Eigið fé</b>					
Hlutfé .....	950.000	950.000	950.000	950.000	950.000
Varasóður.....	330.000	330.000	330.000	330.000	330.000
Lögbundinn varasjóður .....	39.842	83.582	133.766	176.387	226.324
Endurmatsreikningur .....	56.270	280.291	416.398	628.731	876.307
Óráðstafað eigið fé.....	636.786	982.948	1.387.104	1.675.693	2.030.123
7	<u>2.012.897</u>	<u>2.626.820</u>	<u>3.217.267</u>	<u>3.760.811</u>	<u>4.412.754</u>
<b>Skuldir:</b>					
<b>Langtímaskuldir.....</b> 8, 9	7.550.336	7.460.313	7.356.636	7.117.591	6.911.388
Næsta árs afborganir.....	-152.566	-164.792	-2.898.521	-263.000	-283.516
	<u>7.397.770</u>	<u>7.295.522</u>	<u>4.458.115</u>	<u>6.854.592</u>	<u>6.627.872</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afborganir .....	152.566	164.792	2.898.521	263.000	283.516
Viðskiptaskuldir .....	242.279	260.373	271.987	287.067	297.612
Ógreiddir vextir.....	247.425	298.522	296.454	251.985	205.793
Reiknaðir skattar .....	170.750	187.458	227.319	199.044	237.912
Virðisaukaskattur .....	21.000	23.000	23.000	23.000	23.000
	<u>834.020</u>	<u>934.144</u>	<u>3.717.281</u>	<u>1.024.096</u>	<u>1.047.833</u>
<b>Samtals skuldir.....</b>	<u>8.231.790</u>	<u>8.229.666</u>	<u>8.175.396</u>	<u>7.878.687</u>	<u>7.675.705</u>
<b>Eigið fé og skuldir .....</b>	<u>10.244.687</u>	<u>10.856.486</u>	<u>11.392.663</u>	<u>11.639.498</u>	<u>12.088.458</u>

### Áætlað sjóðstreymi

		Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
<b>Framlag rekstrar:</b>						
Hagnaður .....		398.417	437.402	501.840	426.211	499.366
Afskriftir.....	5	243.973	315.444	335.837	372.622	401.842
Verðbreytingafærsla .....	2	-116.373	-219.648	-239.689	-228.652	-229.635
Aðrir liðir .....		0	62.543	61.114	59.477	56.796
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>526.017</b>	<b>595.741</b>	<b>659.102</b>	<b>629.658</b>	<b>728.369</b>
Skammtímakröfur .....		159.816	-26.757	-28.719	-24.261	-25.235
Skammtímaskuldir .....		240.399	87.899	49.407	-57.664	3.221
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>926.232</b>	<b>656.883</b>	<b>679.790</b>	<b>547.733</b>	<b>706.355</b>
<b>Fjárfestingar:</b>						
Fjárfest í flugstöð.....	5	-2.650.000	-1.000.000	-200.000	-400000	-400000
Fjárfest í stjórnkerfi .....		-450.000				
Fjárfest í innréttingar .....		-500.000	-75.000	-75.000	-75.000	-75.000
<b>Fjárfestingar</b>		<b>-3.600.000</b>	<b>-1.075.000</b>	<b>-275.000</b>	<b>-475.000</b>	<b>-475.000</b>
<b>Fjármögnun:</b>						
Afborganir langtímalána .....	9	-1.648.516	-152.566	-164.792	-2.898.521	-263.000
Nýtt lánsfé .....	8	4.500.000			2.600.000	
		2.851.484	-152.566	-164.792	-298.521	-263.000
Arður í ríkissjóð .....	10	-47.500	-47.500	-47.500	-95.000	-95.000
<b>Fjármögnun:</b>		<b>2.803.984</b>	<b>-200.066</b>	<b>-212.292</b>	<b>-393.521</b>	<b>-358.000</b>
Breyting á handbæru fé.....		130.216	-618.183	192.498	-320.788	-126.644
Handbært fé í upphafi árs.....		1.086.714	1.216.931	598.748	791.246	470.457
Handbært fé í lok árs.....		1.216.930	598.748	791.246	470.457	343.813

## Skýringar

### Reikningskilaaðferðir

#### 1. Framsetning og samræming.

Áætlaðir ársreikningar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fyrir árin 2001 – 2005 eru gerðir eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa áætlaðra verðlagsbreytinga og áætlaðs gengis erlendra gjaldmiðla. Í áætluninni er gert ráð fyrir að Frlhöfnin renni saman við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í árslok 2000 og verði hið sameinaða fyrirtæki gert að hlutafélagi á þeim tímamótum.

Í öllum meginatriðum er fylgt sömu reikningskilaaðferðum og áður hafa tíðkast í ársreikningum stofnunarinnar.

#### 2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga.

Við gerð áætlaðra ársreikninga árunna 2001 – 2005 er gert ráð fyrir eftirfarandi forsendum í sambandi við verðlags- og gengisþróun:

- Reikað er með að neysluvísitala hækki að meðaltali um 3,5% á ári yfir reikningstímabilið.
- Gengi bandaríkjadals er áætlað í upphafi tímabilsins 73,00 kr. Og er áætluð hækkað um 0,50 kr. á ári. Á síðasta ári tímabilsins er gengi bandaríkjadals áætlað 75,00 kr. fyrir einn dollar.
- Gengi japanska yensins er áætlað 0,7132 kr. árið 2001, en þá líkur greiðslum skulda í þeim gjaldmiðli.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins þær voru í byrjun hvers árs og breytingar þeirra innan hvers árs, eru reiknuð og færð í áætlaða ársreikninga félagsins. Miðað er við áætlaðar breytingar á vísitölu neysluverðs, en eins og áður greinir er hækkun vísitölunar áætluð 3,5% á ári frá upphafi til loka árunna 2001 – 2005. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga fyrir áætlunartímabilið 1.033,9 milljónum króna og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi á meðal fjármagnsliða, en til mótvægis er hún færð á endurmatsreikning á meðal eiginfjárlíða.

Upphaflegt stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna og fengnar fyrningar eru framreiknaðar til loka hvers árs í samræmi við framangreindar breytingar á vísitölu neysluverðs.

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar upp miðað við verðlag í lok hvers árs og áfallnar verðbætur og gengismunur færðar í rekstrarreikninginn.

#### 3. Farþegaaukningar á tímabilinu

Gert er ráð fyrir að farþegum fjölgi að jafnaði um 4% á ári á áætlunartímabilinu, en langtímaspar gera ráð fyrir 6% aukningu að jafnaði.

Á árunum 1994 til og með 1998 jókst farþegaumferð um flugstöðina að jafnaði um 10%.

#### 4. Aðrar forsendur tekna og gjalda

Forsendur tekna eru sem áður segir miðaðar við 4% árlega farþegaaukningu um flugvöllinn og er árleg fjölgun bíldaga látin haldast í hendur við það. Ennfremur er gert ráð fyrir fullri útleigu eldri hluta flugstöðvar en helmingur nýju byggingarinnar verði leigður út árin 2001 og 2002, en 90% árin 2003 – 2005. Sameiginlegur kostnaður endurgreiðist í hlutfalli við nýtingu hússins til útleigu.

Reiknað er með að vörusala vaxi í samræmi við 4% farþegaaukningu sem almennt er gert ráð fyrir. Ráðgert er að meðalálágning, sem var 51,5% árið 1998, hækki á tímabilinu í 55,5%.

Viðhaldskostnaður af eldra húsi og tækjum er áætlaður 3,5% af endurstofnverði árin 2001 til 2002, 4% á árinu 2003, en 5% tvö síðustu árin. Samsvarandi hlutfallstala nýbyggingar er 1,5%. Í þessu efni er stuðst við staðal Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Áætlað er að nýbyggingin verði tekin í notkun á miðju ári 2001 og að hún verði viðhaldsfrí á því ári. Álagning fasteignaskatta er enn fremur miðuð við endurstofnverð, sem birt er á álagningarseðli fasteignaskatta Sandgerðisbæjar, 1,46% á árinu 2001 en 1,5% frá og með árinu 2002.

Áætlað er að launakostnaður aukist um 586 þúsund krónur á mánuði við stækkun Flugstöðvar. Gert er ráð fyrir 6,5% launahækkun á árinu 2002 en að öðru leyti er launakostnaður óbreyttur frá því sem nú er. Annar stjórnunarkostnaður eykst um 2,5 milljónir króna við stækkunina.

Gert er ráð fyrir sömu grunnkaupshækkun launa í fríhafnarverslun og um getur hér að frman.

Gert er ráð fyrir að gjaldfrestur leigu sé einn mánuður og hið sama á við um rekstrargjöld.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Áætlað er að varanlegir rekstrarfjármunir greinist þannig í lok áætlunartímabilsins:

	<u>Fasteignir</u>	<u>Stjórnkerfi</u>	<u>Búnaður</u>	<u>Samtals</u>
Bókfært verð í upphafi .....	4.797.068	64.599	70.978	4.932.645
Fjárfest á tímabilinu .....	4.650.000	450.000	800.000	5.900.000
Endurmat tímabilsins .....	1.767.428	57.151	85.725	1.910.304
Afskriftir á tímabilinu .....	1.069.996	299.502	300.221	1.669.719
Bókfært verð í lok .....	10.144.500	272.248	656.482	11.073.230

6. Opinbert mat á Flugstöð Leifs Eiríkssonar í árslok 1999 greinist þannig í milljónum króna.

	<u>Fermetrar</u>	<u>Matstölur</u>
Brunabótamat .....		5.457,1
Endurstofnverð .....		5.130,5
Fasteignamat .....	16.786	2.995,3

Nýbygging er áætluð 15.623 fermetrar og byggingarkostnaður er áætlaður 3.500,0 milljónir króna

Áætlað fasteignarmat í árslok 2001 að meðtalinni nýbyggingu er áætlað 5.486,0 milljónir króna.

**Eigið fé**

7. Gert er ráð fyrir að breytingar á eigin fé hafi orðið sem hér greinir á tímabilinu 2001 til 2005.

	<u>Hlutafé</u>	<u>Varasjóðir</u>	<u>Endurmat</u>	<u>Óráðstafað</u>
Staða í upphafi.....			0	1.605.711
Endurmat.....			1.910.304	
Verðlagsbreytingar.....			-1.033.997	
Hlutafjárframlag.....	950.000			-950.000
Varasjóðstillag.....		330.000		-330.000
Tillag í lögb. Varasjóð.....		226.324		-226.324
Arður.....				-332.500
Hagnaður.....				2.263.236
	<u>950.000</u>	<u>556.324</u>	<u>876.307</u>	<u>2.030.123</u>

8. Gert er ráð fyrir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfninni verði breytt í hlutafélag í árslok 2000. Reiknað er með að færðar verði 950 milljónir króna á hlutafé, 330 milljónir króna á varasjóð, en þessar ráðstafanir svara til um 80% af eigin fé í árslok 2000.

Fylgt er fyrimælum 100. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 varðandi myndun varasjóðs af hagnaði félagsins á áætlunartímabilinu.

Í lok tímabilsins er eiginfjárlutfall Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 37 %, en var í byrjun tímabilsins 20%.

**Langtímaskuldir**

9. Allar langtímaskuldir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru háðar gengisáhættu í árslok 1999 og gert er ráð fyrir að tekin verði erlend lán til uppgreiðslu á hluta af eldri lánum auk þess sem tekin verði jafngreiðslulán til byggingarframkvæmda í dollurum með tilstuðlan Ríkisábyrgðarsjóðs. Í áætlunageðinni er gert ráð fyrir að meðalvexir nýrra lána nemi 6% á ári. Lagt er til að líffeyrisskuldbindingar Fríhafnar verði greiddar LSR með skuldabréfi til tíu ára. Reiknað er með jafngreiðslubréfi með 8,8% vöxtum. Í upphafi ársins 2001 er reiknað með að langtímaskuldir félagsins nemi 4,7 milljörðum króna.
10. Afborganir langtímalána í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir .....	283.516
Afborganir 2007 .....	300.892
Afborganir 2008 .....	320.536
Afborganir 2009 .....	341.495
Afborganir 2010 .....	363.859
Afborganir 2011 .....	323.582
Afborganir 2012 .....	343.289
Afborganir 2013 .....	364.195
Afborganir 2014 .....	386.184
Afborganir síðar .....	<u>3.883.840</u>
	<u>6.911.388</u>

## Skattamál og arðgreiðslur

10. Áætlað er að félagið greiði tekju- og eignarskatt á tímabilinu í samræmi við reglur skattalaga. Ekkir eru nýttar heimildir 44. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum til skattalækunar við útreikning tekjuskatts. Áætlaðir skattar og arðgreiðslur tímabilsins greinast þannig:

Tekjuskattur .....	985.866
Eignarskattur .....	37.121
Arður til eigenda .....	<u>332.500</u>
	1.355.487

## Aðrar forsendur og sundurliðanir

12. Áætlaðar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig á tímabilinu:

	<u>Langtímalán</u>	<u>Annað</u>	<u>Samtals</u>
Vaxtatekjur og verðbætur .....		182.116	182.116
Vaxtagjöld og verðbætur .....	2.418.295	132.646	2.550.941
Gengismunur .....	294.119		294.119
Áhrif verðlagsbreytinga .....	1.152.176	118.179	1.033.997
	<u>1.560.238</u>	<u>68.709</u>	<u>1.628.947</u>

Yfirlitinu er ætlað að leitast við að upplýsa um áætlaða reiknaða raunvexti af langtímaskuldum annars vegar og öðrum vaxtaberandi eignum og skuldum hins vegar á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Áætluð vaxtagjöld af skammtímaskuldum eru reiknuð sem 10% hluti af meðalstöðu skammtímaskulda á hverju ári. Vaxtatekjur og verðbætur eru áætlaðar sem 7% hluti af meðalstöðu handbærs fjár á hverju ári.

## Kennitölur

13. Helstu kennitölur úr áætluðum ársreikningur félagsins eru sem hér greinir:

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Veltufjárhlutfall .....	2,1	1,3	0,4	1,1	1,0
Eiginfjárhlutfall .....	20%	24%	28%	32%	37%
Innra virði hlutafjár .....	2,1	2,8	3,4	4,0	4,6
Arðsemi eigin fjár .....	24,8%	21,7%	19,1%	13,2%	13,3%
Veltufé frá rekstri .....	526,0	595,7	659,1	629,6	728,3



**Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.**

Tilgangurinn með frumvarpinu er að fela ríkisstjórninni að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækja renni til hins nýja hlutafélags. Þar á meðal eru taldar lífeyrisskuldbindingar sem verði greiddar LSR með skuldabréfi. Skv. 16. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Í rekstrar- og fjárhagsáætlunum fyrir hið nýja fyrirtæki er gert ráð fyrir að það fái 25% af lendingargjöldum eins og er í gildandi fjárlögum og sömu hlutdeild og í núverandi farþegaskatti. Í þessari kostnaðarumsögn er gert ráð fyrir að áfengisgjaldi verði skilað til ríkissjóðs eins og nú er. Í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir 410 m.kr. arði frá Fríhöfninni. Samkvæmt rekstrar- og fjárhagsáætlun hins nýja hlutafélags fyrir árin 2001 til 2005 er gert ráð fyrir að arðgreiðslur verði að meðaltali 66,4 m.kr. á ári, þar til viðbótar koma ríflega 200 m.kr. í tekju- og eignarskatt. Nettótekjur ríkissjóðs af fyrirtækinu lækka þannig um 140 m.kr. á ári á tímabilinu en tæplega 200 m.kr. á fyrsta árinu. Á móti kemur að hlutafélagið mun bera ábyrgð á öllum skuldum félagsins. Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á húsaleigu fyrir landamæravörslu, tollafgreiðslu og öryggiseftirlit, en í athugun er að fella þá leigu niður.